



**1. fundur  
framkvæmda- og hafnanefndar Norðurþings  
haldinn í stjórnsýsluhúsi Norðurþings,  
miðvikudaginn 19. janúar 2011 og hófst hann kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**

Þráinn Guðni Gunnarsson, Jón Grímsson, Hjálmar Bogi Hafliðason, Sigurgeir Höskuldsson, Áki Hauksson, Bergur Elías Ágústsson, Tryggvi Jóhannsson, Guðmundur Magnússon, Stefán Sigurður Stefánsson, Sveinn Birgir Hreinsson,

**Fundargerð ritaði:** Tryggvi Jóhannsson, Framkvæmda- og þjónustufulltrúi

**Dagskrá:**

**1. 201012072 - 334. fundur stjórnar Hafnasambands Íslands**

Lagt fram til kynningar.

**2. 201012071 - Sail-Húsavík 2011, ósk um samstarf við sveitarfélagið**

Sail-Húsavík er samnorræn strandmenningarhátíð sem verður haldin dagana 16.-23. júlí 2011 á Húsavík. Sail-Húsavík óskar eftir að hefja formlegt samstarf við sveitarfélagið Norðurþing varðandi undirbúning og framkvæmd hátíðarinnar.

Framkvæmda- og hafnanefnd tekur jákvætt í erindið og felur sviðsstjóra framkvæmdasviðs og hafnastjóra að ræða við bréfitara um kynningarfund á verkefninu.

**3. 201012016 - Fjárhagsáætlun hafnarsjóðs**

Lögð fram útgönguspá Hafnarsjóðs Norðurþings fyrir árið 2010 og fjárhagsáætlun fyrir 2011.

Framkvæmda- og hafnanefnd samþykkir fjárhagsáætlunina og vísar henni til bæjarstjórnar.

**4. 201011022 - Hafnareglugerð og gjaldskrá**

Kynntar voru tvær smávægilegar athugasemdir Siglingastofnunar við drög að reglugerð fyrir hafnir Norðurþings.

Framkvæmda- og hafnanefnd fór yfir athugasemdirnar og gerði breytingar í samræmi við þær.

Hafnareglugerðin svo samþykkt með áorðnum breytingum.

Nefndin samþykkir líka að gjaldskrá hafnanna hækki milli ára í samræmi við vísitölu neysluverðs.



Framkvæmda- og hafnanefnd vill vekja athygli á að breytingar voru gerða á samþykktum sveitarfélagsins Norðurþings í desember 2010. Hluti af þeim breytingum, sem staðfestar hafa verið að ráðneyti sveitarstjórnarmála, er að framkvæmda- og þjónustunefnd og hafnanefnd eru sameinaðar í framkvæmda- og hafnanefnd.

Þetta hefur það í för með sér starfsemi hafna, þjónustumiðstöðva og slökkviliða Norðurþings verða sameinaðar undir eina yfirstjórn. Framkvæmda- og hafnanefnd telur mikilvægt að framangreind skipulagsbreyting verði unnin í samráði við starfsfólk og aðra hlutaðeigandi aðila. Nefndin felur sviðsstjóra framkvæmda- og hafnanefndar og bæjarstjóra að kynna málið fyrir starfsmönnum viðkomandi rekstrareininga.

**5. 201101025 - Lagning háspennustrengs á hafnarsvæði Húsavíkur**

Erindi frá Rarik sem áformar að leggja háspennustreng um hafnarsvæðið á Húsavík samhliða þeirri vinnu sem nú stendur þar yfir. Teikning af lagnaleiðinni fylgir.

Framkvæmda- og hafnanefnd samþykkir erindið.

**6. 201012084 - Frá Fiskistofu, ósk um umsögn vegna rekstrarleyfis til handa Kristjáni Phillips vegna kræklingaræktunar**

Fiskistofa óskar eftir umsögn sveitarfélagsins vegna umsóknar Kristjáns Phillips um rekstrarleyfi til kræklingaræktunar í Saltvík sunnan Húsavíkur. Leyfilegt framleiðslumagn er 200 tonn á ári.

Framkvæmda- og hafnanefnd veitir jákvæða umsögn um erindið.

**7. 201004041 - Aðstaða fyrir smábáta í Húsavíkurhöfn**

Erindi frá Gunnlaugi Karli Hreinssyni varðandi lagfæringu á grjótgarði vestan G.P.G Fiskverkun á Húsavík.

Framkvæmda- og hafnanefnd felur sviðsstjóra framkvæmdasviðs að leita álits Siglingastofnunar á málinu.

**8. 201012083 - Guðmundur Þ. Kristjánsson, ósk um afnot af landi fyrir dúfur, hænur og kanínur**

Guðmundur, fyrir hönd Bréddúfnafélags Íslands, sækir um landssvæði á Húsavík, til að setja niður kofa fyrir dúfur, hænur og kanínur.

Framkvæmda- og hafnanefnd felur sviðsstjóra framkvæmdasviðs að ræða við umsækjanda og afla frekari upplýsinga.

**9. 201012019 - Húsnæðisnefnd Norðurþings/Eignasjóður - rekstur**

Farið yfir reikninga húsnæðisnefndar Norðurþings. Þessum lið var frestað



á síðasta fundi.

Framkvæmda- og hafnanefnd fór yfir reikninga húsnæðisnefndarinnar og samþykkir að nýir húsaleigusamningar hækki um 10%.

**10. 201008046 - Hóll við Ásgarðsveg**

Nú hafa öll tilskilin leyfi fengist til förgunar hússins Hóls á Húsavík.

Framkvæmda- hafnanefnd samþykkir að Slökkvilið Húsavíkur fái húsið til æfinga og að þeim loknum verði því fargað.

**11. 201007044 - Björn Víkingur Björnsson, erindi varðandi grenjavinnslu í gamla Presthólahreppi**

Björn Víkingur gerir sveitarfélaginu tilboð í grenjavinnslu í gamla Presthólahreppi. Þessu erindi var frestað á 30. fundi framkvæmda- og þjónustunefndar.

Í ljósi þess að ríkið mun ekki taka þátt í kostnaði við refa- og minkaeyðingu á þessu ári óskar framkvæmda- og hafnanefnd eftir framlengingu allra samninga um refa- og minkaeyðingu um eitt ár og hafnar því erindinu.

Þá samþykkir framkvæmda- og hafnanefnd að greiða ekki verðlaun fyrir unna refi og minka til annarra en samningsbundinna veiðimanna og felur sviðstjóra framkvæmdasviðs að auglýsa þá ákvörðun.

**12. 201012035 - Ómar Gunnarsson, Efri-Hólum og Árni Sigurðsson, Katastöðum óska eftir samningi um grenjavinnslu í Núpasveit**

Ómar og Árni óska eftir að gerður verði við þá samningur um grenjaleit og grenjavinnslu á refum í Núpasveit til þriggja ára.

Í ljósi þess að ríkið mun ekki taka þátt í kostnaði við refa- og minkaeyðingu á þessu ári óskar framkvæmda- og hafnanefnd eftir framlengingu allra samninga um refa- og minkaeyðingu um eitt ár og hafnar því erindinu.

**13. 201012018 - Fjárhagsáætlun framkvæmda- og þjónustunefndar**

Á síðasta fundi framkvæmda- og þjónustunefndar staðfesti nefndin ramma málaflokka 08, 10 og 11 en óskaði eftir við byggðarráð að rammi 07 yrði tekin til endurskoðunar og hækkunar um krónur 12 milljónir og varð byggðarráð við erindinu.

Framkvæmda- og hafnanefnd staðfestir því ramma málaflokks 07.

1. fundur framkvæmda- og hafnanefndar Norðurbings  
26. janúar 2011



**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:00**